

# Lög foreldrafélags Lundarskóla

1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag Lundarskóla. Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

2.gr. Markmið félagsins eru:

Að stuðla að velferð og vellíðan nemenda í skólanum.

Stuðla að góðu samstarfi milli foreldra/forráðamanna og skólans.

Vera samráðsvettvangur foreldra/forráðamanna.

Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra/forráðamanna varðandi skóla, menntun og uppeldismál.

3.gr. Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.:

Vera í samskiptum við skólastjórnendum varðandi hvað eina sem varðar skólann.

Gæta hagsmuna nemenda varðandi aðbúnað og öryggi í og við skólann.

Halda fræðslu- og eða umræðufundi um uppeldis- og skólamál.

Styðja við og aðstoða við félags- og tómstundastarf nemenda.

Efla og styðja menningarlíf innan skólans, m.a. bókmenntir og listir.

Efla og styðja samstarf heimilis og skóla.

4. gr. Stjórn félagsins er skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og a.m.k. tveimur meðstjórnendum. Hver stjórnarmeðlimur situr í tvö ár. Ár hvert skulu því þrír stjórnarmenn kosnir til tveggja ára. Kjörgengir eru allir foreldrar barna í Lundarskóla. Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. gr. Aðalfund skal halda í upphafi hvers skólaárs og telst hann löglegur ef til hans er boðað með viku fyrirvara. Á aðalfundi flytur fráfarandi stjórn félagsins skýrslu um störf félagsins á liðnu starfsári, lagðir eru fram reikningar og ný stjórn kosin.

6.gr. Aðalfundur skal halda ekki síðar en 10. maí ár hvert og telst hann löglegur ef til hans er boðað með a.m.k. viku fyrirvara. Á aðalfundi flytur fráfarandi stjórn félagsins skýrslu um störf félagsins á liðnu starfsári, lagðir eru fram reikningar og ný stjórn kosin.

7.gr. Á aðalfundi félagsins skal kjósa fulltrúa í skólaráð. Skólaráð starfar samkvæmt 16. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

8.gr. Ef 20 félagsmenn eða fleiri rita undir ósk um að haldinn verði almennur félagsfundur er stjórninni skylt að boða til slíks fundar. Boða skal til almenns félagsfundar með a.m.k. þriggja daga fyrirvara og innan tveggja vikna frá því að óskin kemur fram.

9. gr. Stjórn félagsins skal í samstarfi við bekkjarkennara sjá til þess að kosið verði í bekkjarráð. Í ráðið skal velja 2 til 3 fulltrúa úr hópi foreldra/forráðamanna barna í hverri bekkjardeild. Stjórn félagsins skal boða bekkjarfulltrúa til sameiginlegra funda a.m.k. einu sinni á skólaári.

10.gr. Hætti félagið störfum renna eigur þess til Lundarskóla.

11.gr. Lögum þessum má breyta á aðalfundi með einföldum meirihluta enda hafi lagabreytingar verið kynntar í aðalfundarboði.

12. gr. Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi. Leitast skal við að nýta framlagið innan skólaársins.

ext

Samþykkt á aðalfundi 18. okt 2023